

# LÖG FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

## 1. gr.

Félagið heitir Ferðafélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagið nær til alls landsins og hefur innan sinna vébanda, auk Ferðafélags Íslands, sem hefur aðsetur í Reykjavík, deildir, sem stofnaðar eru og starfa samkvæmt 7. gr laga þessara. Ferðafélag Íslands og deildirnar starfa saman eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

## 2. gr.

Félagið er óhagnaðardrifið áhugamannafélag og er tilgangur þess er að stuðla að ferðalögum á Íslandi og greiða fyrir þeim.

## 3 gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná á eftirfarandi hátt:

1. Með útgáfu ferða- og landlýsinga og gerð uppdrátta og leiðarvísa.
2. Að gangast fyrir byggingu og rekstri sæluhúsa.
3. Að stuðla að merkingu gönguleiða í óbyggðum og byggingu göngubrúa á þeim leiðum.
4. Að gangast fyrir ferðalögum, til að kynna mönnum náttúru landsins og sögu merkra staða.
5. Að stuðla að góðri umgengni ferðamanna og vernd náttúru landsins, m.a. með samstarfi við umhverfis- og náttúruverndaraðila.
6. Að koma á og efla vinsamlegt samstarf við innlend og erlend ferðafélög, sem starfa á svipuðum grundvelli.
7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum landsins í öllum málum sem lúta að stefnumálum þess.

## 4. gr.

Félagar geta allir orðið sem hafa íslenska kennitölu. Kjörgengi og kosningarétt hafa félagar sem náð hafa 18 ára aldri. Félagar yngri en 18 ára greiða ekki árgjald og fá ekki Árbók FÍ. Árgjald skal ákveðið af stjórn félagsins og er Árbók FÍ innifalin í því. Fjölskyldufélagar (makar/sambýlisfólk/börn) njóta fríðinda í ferðir og skálagistingu. Fjölskyldufélagar (makar/sambýlisfólk) geta valið að greiða hálf árgjald og fá félagsskírteini og njóta allra fríðinda sem það veitir. Þeir eru skráðir í félagið og hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundi. Árbók FÍ er ekki innifalin.

Stjórn félagsins getur valið heiðursfélaga og kjölfélaga vegna sérstakra starfa í þágu félagsins og skulu þeir vera gjaldfrjálsir. Einnig getur stjórnin heiðrað menn fyrir störf í þágu félagsins með því að sæma þá gullmerki F.Í.

## 5. gr.

Stjórn félagsins skipa 7 félagsmenn auk forseta og varaforseta. Skal kjörtímabil þeirra vera í þrjú ár og þrír kosnir á hverjum aðalfundi þannig:

1. Forseti skal kosinn sérstaklega og tveir meðstjórnendur til þriggja ára.
2. Varaforseti kosinn sérstaklega og tveir meðstjórnendur til þriggja ára.
3. Þrír meðstjórnendur til þriggja ára.
4. Tryggja skal að hlutfall karla eða kvenna í stjórn sé ekki lægra en 40%.
5. Til undirbúnings stjórnarkjöri ár hvert skal starfa þriggja manna kjörnefnd er geri tillögur til aðalfundar um menn í stjórn, að minnsta kosti jafn marga og kjósa ber hverju sinni samkvæmt ákvæðum í 1. – 3. lið hér að framan. Undanfarandi aðalfundur kys einn mann í þessa kjörnefnd, en stjórn félagsins tilnefnir síðan hina tvo. Hið fæsta þrír fullgildir félagsmenn utan kjörnefndar geta borið fram tillögur um menn í stjórn félagsins. Öllum tillögum skal skila innan tilskilins frests samkvæmt ákvæðum 8. greinar.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Stjórnin heldur að jafnaði fundi mánaðarlega, ellefu sinnum á ári, en oftár ef brýna nauðsyn krefur. Skylt er að halda stjórnarfund, ef einn stjórnarmaður krefst þess.

Jafnan skal haldinn stjórnarfundur sem fyrst eftir aðalfund. Á þeim fundi skal stjórnin skipa í eftirtaldar starfsnefndir til eins árs í senn: Bygginganefnd, ferðanefnd, ritnefnd og útbreiðslunefnd. Stjórnin ákveður tölu nefndarmanna og geta þeir einnig verið utan stjórnar. Skipar stjórnin formenn nefnda. Ef formaður nefndar er utan stjórnar skal hann sitja fundi stjórnarinnar þegar rætt er um málefni, sem varða nefnd þá, sem hann er formaður fyrir.

Stjórnin skal fjalla um megindrætti í starfsemi félagsins og gera ályktun þar um ef þurfa þykir.

Stjórnin kys sér ritara og gjaldkera til eins árs.

Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins en nánar er kveðið á um starfsskyldur framkvæmdastjóra í starfslýsingu og starfsreglum stjórnar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef fimm stjórnarmenn sitja fund.

Á fundum stjórnar ræður afl atkvæða um þær ákvarðanir sem teknar eru. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði forseta.

Framkvæmdastjóri skal gefa skýrslu um starfsemi félagsins í upphafi hvers fundar stjórnar.

Framkvæmdarstjóri og aðrir fastráðnir starfsmenn félagsins skulu ekki eiga sæti í stjórn.

## **6 .gr.**

Stjórnin má ekki ráðstafa fasteignum félagsins nema  $\frac{3}{4}$  hlutar stjórnarinnar samþykki það á lögmætum stjórnarfundum.

## **7. gr.**

Stofna má sérstakar félagsdeildir utan Reykjavíkur í samráði við stjórn félagsins. Stofnfélagar slíkra deilda mega þó eigi vera færri en 50 og árgjald eigi lægra en hjá Ferðafélagi Íslands.

Deildirnar starfa sjálfstætt og hafa sjálfstæðan fjárhag en helmingur af árgjaldi deildarfélaga rennur í sjóð Ferðafélags Íslands, enda fái þeir Árbók félagsins og njóti í hvítvetna sömu

hlunninda og aðrir félagsmenn. Hálf árgjald vegna fjölskylduaðildar rennur óskipt til deildarinnar.

Félagsdeildir kenna sig við hérað sitt eða bæ. Í lögum deildanna skal það koma fram að tilgangur með starfsemi þeirra sé hinn sami og segir í lögum FÍ. Í hverri félagsdeild skal haldin félagaskrá. Á hvert skal haldinn aðalfundur deildar og sé reikningsár deildar almanaksárið. Stjórn deildar gerir skýrslu um starfsemi deildarinnar, sem lögð skal fyrir aðalfund hennar ásamt endurskoðuðum ársreikningum. Skýrsla þessi ásamt ársreikningum skal jafnframt send stjórn Ferðafélags Íslands, sem er heimilt að birta hana.

Ungmennadeildir og aðrar deildir, sem vinna að sérstökum áhugamálum á starfssviði Ferðafélagsins, t.d. fjallagöngum, má og stofna á hinum ýmsu félagssvæðum, enda verði þeim hagað eftir reglum sem félagsstjórnin setur. Um deildir samkvæmt þessari mgr. gilda að öðru leyti sömu reglur og um Ferðafélag Íslands.

Stjórn Ferðafélags Íslands fylgist með starfsemi deilda og aðstoðar þær eftir því sem við verður komið. Sé um að ræða sameiginleg framlög Ferðafélags Íslands og deildar til framkvæmda eða annarra þarfa, skal gerður um það samningur þar sem eignarhlutur hvors aðila um sig sé tilgreindur, ef við á og kveðið á um forræði eigna eða framkvæmda. Hið sama skal gilda um sameignir deilda og sameignar Ferðafélags Íslands eða deilda þess og annarra aðila.

Hafi félagsdeild eigi fullnægt skilyrðum þeim, sem greint er frá í 2. mgr. í þrjú ár, skal stjórn Ferðafélags Íslands boða til fundar í deildinni er taki ákvörðum um slit deildarinnar eða skipan mála til frambúðar. Um dagskrá fundarins skulu gilda ákvæði 8. gr laga Ferðafélags Íslands eftir því sem við á. Til fundarins skal boða með fundarboði er senda skal öllum félögum deildarinnar tveimur vikum fyrir boðaðan fund.

Sé félagsdeild slitið fer um eignir deildarinnar eftir ákvæðum í lögum hennar. Hafi eigi verið mælt fyrir um ráðstöfun eigna í lögum félagsdeildar, renna þær við félagsslit til annarra deilda Ferðafélags Íslands er átt hafa sameiginlegar fasteignir með deild þeirri er slitið var, en ella til Ferðafélags Íslands.

Eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti skal stjórn Ferðafélags Íslands boða til sameiginlegs fundar stjórnar Ferðafélagsins og formanna og/eða fulltrúa deildanna, þar sem rædd eru málefni, sem efst eru á baugi hverjum tíma og snerta starfsemi Ferðafélags Íslands og deildanna. Stjórn Ferðafélagsins skal með fundarboði tilkynna dagskrá að höfðu samráði við stjórnir deildanna.

### **8. gr.**

Aðalfundur og félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár skal vera almanaksárið og skal aðalfundur haldinn í marsmánuði ár hvert. Reikningar félagsins skulu vera annað hvort endurskoðaðir eða með könnunaráritun endurskoðanda og er það ákvörðun stjórnar hverju sinni hvor leiðin er farin.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla forseta um starfsemi félagsins á árinu sem leið.
2. Framkvæmdastjóri leggur fram reikninga félagsins með áritun endurskoðanda.

3. Lagabreytingar.
4. Kosin stjórn skv. 5. gr. félagslaganna.
5. Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara.
6. Önnur mál.

Aðalfundur skal haldinn í Reykjavík og auglýstur með tveggja vikna fyrirvara. Atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi hafa þeir einir sem:

1. greitt hafa félagsgjald fyrir næstliðið ár og
2. gengið hafa í félagið fyrir næstu áramót á undan aðalfundi.
3. Félagar í deildum FÍ sem greitt hafa árgjald næstliðið ár hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundi eða gengið hafa í félagið fyrir næstu áramót á undan aðalfundi.

Enginn getur falið öðrum að fara með atkvæði sitt á aðalfundi eða félagsfundi.

Til félagsfundar getur stjórnin boðað þegar henni þykir ástæða til. Einnig skal haldinn félagsfundur ef fleiri en 100 félagar sækja þess skriflega. Til félagsfundar skal boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Tillögur um lagabreytingar og stjórnarkjör, sem leggja á fyrir aðalfund skulu hafa borist stjórninni fyrir 1. febrúar og liggja frammi á skrifstofu félagsins. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Á aðalfundi og félagsfundum ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Eigi má þó slíta félaginu nema það verði samþykkt á tveimur lögmætum fundum með minnst mánaðar millibili og hafi fundarefnis verið getið í fundarboðum. Verði félaginu slitið skal eigum þess ráðstafað til hliðstæðs félags eða stofnunar.

### **9. gr.**

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 hluta gildra atkvæða á aðalfundi, þó má ekki breyta ákvæðum 2. gr. félagslaganna, um tilgang félagsins og ákvæðum síðustu málsgreinar 8. gr. um ráðstöfun á eignum þess.

Samþykkt á aðalfundi 19. mars 2025

ásamt breytingum samþ. 1995, 1998, 2001, 2006, 2022, 2023